

Borgarráð

Tillaga um eflingu þróunarsjóðs skóla- og frístundasviðs

Lagt er til að veitt verði 60 mkr. viðbótarfjármagni til þróunarsjóðs SFS sem varið verði til undirbúnings innleiðingar nýrrar menntastefnu með áherslu á að styrkja þróunarverkefni á starfsstöðum skóla og frístundasviðs. Gert verði ráð fyrir að úthlutað verði úr sjóðnum haustið 2018 í kjölfar samþykktar menntastefnunnar og verði mótaðar sérstakar reglur um úthlutunina.

Þá er lagt til að þróunarsjóður SFS verði stækkaður úr 40 mkr. í 200 mkr. árið 2019 til að fylgja markmiðum menntastefnunnar eftir. Þróunarstyrkjum skóla- og frístundaráðs er úthlutað árlega í samræmi við áherslur sem settar eru í starfsáætlun sviðsins. Markmiðið er að styðja við ýmis verkefni sem stuðla að nýjungum, rannsóknum eða nýbreytni í uppeldis- og fagstarfi leikskóla og grunnskóla og í frístundastarfi. Lagt er til að við úthlutun þróunarstyrkja á árinu 2019 verði horft til verkefna sem miða að því að efla hæfnipætti menntastefnunnar auk annarra þátta hennar, s.s. samvinnu af öllu tagi, milli kennara, milli skóla og innan hverfa. Hæfnipættir menntastefnunnar eru:

- Félagfærni – sýna samfélagslega ábyrgð og virkni.
- Sjálfsefning – hafa sterka sjálfsmýnd og trú á eigin getu.
- Læsi – skilja samfélag og umhverfi.
- Sköpun – beita skapandi hugsun.
- heilbrigði – tileinka sér heilbrigðan lífsstíl og líða vel .

Dagur B. Eggertsson

